

## Samkomulag um afnot af landspildu í eigu Hafnarfjarðarbæjar í Krýsuvík undir vistvang

### 1.gr

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 og Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs kt. 5004972979 (GFF) gera með sér svohljóðandi samkomulag um tímabundin afnot lands eða landspildu í landi bæjarins til uppgræðslu með lífrænum úrgangsefnum á svæði sem meðfylgjandi kort sýnir (bleikur litur) samtals 300 ha.

Skilyrði er að efnin séu laus við aðskotaefni, og hluti sem ekki eru lífræn, svo sem gler, plast eða málma. Ef slík efni slæðast með skulu þau fjarlægð.

### 2.gr.

Ekki er greitt fyrir eða borgað afnotagjald fyrir landið og er viðhald og eftirlit á hendi GFF sem einnig ber ábyrgð á flutningi efnisins í vistvanginn. Öll losun og dreifing er á hendi GFF en efnið skal vera lífrænt og samkvæmt skigreiningum GFF um uppgræðslu í vistvangi.

### 3. gr.

Afnot landsins veitir GFF afnot til 10 ára frá og með undirritun samnings þessa en að þeim tíma loknum mun samningurinn verða tekin til endurskoðunnar og árangur metin. Ekki er um að ræða eignarhald á svæðinu.

### 4. gr.

Óheimil er bygging hvers konar mannvirkja skúra, gáma eða verkfærageymslna.

### 5.gr.

Hafnarfjarðarbær getur leyst til sín landið á hvaða tíma sem er án nokkurra kvaða, skuldbindinga og bótaskyldu og fellur samkomulag þetta niður frá og með innlausn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Hafnarfjarðarbær skal tilkynna GFF um slíka innlausn með 6 mánaða fyrirvara. Hafnarfjarðarbær er ekki skaðabótaskyldur gagnvart nýjum gróðri eða gróðurþekju sem kann að hafa skemmst á uppgræðslutímanum.

### 6. gr.

Umrætt svæði er innan Reykjanesfólkvangs og gilda þær reglur sem fram koma í auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi sbr. Stj.tíð. B, nr. 520/1975 og samningshafi hefur kynnt sér.

### 7. gr.

Hafnarfjarðarbær óskar eftir því að GFF leggi fram 10 ára vinnuáætlun/gróðráætlun skv. samningi þessum og skili jafnframt framvinduskýrslu eftir ár hvert til hægt sé að meta árangur verksins.

Hafnarfirði /

---

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

---

Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs.